

Erfðaleigulandið nr. L í Digraneslandi.


„Clausenhúsið“ In memoriam ?

Þann 8. ágúst s.l var umsókn Dróma h/f um leyfi til að rífa húsið að Hafnarbraut 12 samþykkt af Byggingarfulltrúa Kópavogs með fyrirvara um starfsleyfi heilbrigðiseftirlitsnefndar vegna niðurrifs hússins. Það er svosem ágætt að það sé kraftur í því ágæta fyrirtæki Dróma h/f en þetta virðist þýða að dagar hússins séu taldir enda er það fyrir samþykktu deiliskipulagi á svæðinu eins og segir í afgreiðslu Byggingarfulltrúa. Af þessu tilefni finnst mér viðeigandi að rifja upp sögu hússins og erfðafestulandsins sem það stendur á.



Upphaf sögu erfðafestulandsins og hússins er þegar Landbúnaðarráðherra hefur úthlutun erfðafestulands í Seltjarnarneshreppi á árunum rétt fyrir seinna stríð og erfðafestuland númer L (50) á Kársnesinu er úthlutað til Inga Halldórssonar bakara í ágúst árið 1938.¹ Nafnið Kópavogsblettur 50 var á reitnum í fyrstu en seinna átti það eftir að breytast þegar gatan norðan megin á nesinu fékk nafnið Kársnesbraut. Þá var húsið kennt við götuna og fékk húsnumerið 124.

Reiturinn er vestast á Kársnesinu, 0,82 hektarar að flatarmáli. Þessi úthlutun var í framhaldi af úthlutun reitanna norðan megin á nesinu. Yfirlitsteikningin hér að neðan sýnir hvernig skipulagsyfirvöld sáu fyrir sér götuskipan í upphafi. Reitur L er nálægt norðvesturhorni Kársness og lá að sjó sunnan megin við brautina sem síðar hlaut nafnið Kársnesbraut.



Það voru einkum lögreglumenn sem þarna fengu erfðafestuland og líkleg skýring er sú að Hermann Jónasson var yfirmaður þeirra á þessum tíma. Þó að skýrt sé tekið fram í erfðaleigusamningnum að landið skuli eingöngu nota undir garða- og grasrækt¹ er líklegt að bakarinn hafi haft í hyggju að koma á fót hæsnabúi semvar þá var ekki óalgengt meðal bakara sem gátu þá tryggt sér ódýr egg til notkunar í rekstri sínum. Ekkert varð þó úr framkvæmdum hjá Inga og rúmum fimm árum síðar gengur Ísak nokkur Jónsson inn í leiguréttinn.¹ Hér er rétt að fram komi að ársleiga á landinu var krónur fimm svo ekki voru mikil fjáruútlát þessum breytingum fylgjandi.¹ Hinsvegar var sú kvöð á leigutökum að að rækta landið í tún og garða og eigi minna en einn tíunda hluta landsins árlega. Jafnframt því skyldi girða landið gripheldri girðingu innan árs frá samningsgerð.¹ Reyndar var hægt að fá allt að tveggja ára frest ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi. Í ljósi reynslunnar er ekki hægt að segja að gengið hafi verið hart eftir því að þessum tímamörkum væri fylgt en auðvitað setti þetta nokkra pressu á leigutakana.

Varðandi þennan leigutaka er líklegt að hér sé um sama Ísak Jónsson að ræða sem þekktur er fyrir störf sín að málefnum barna en sá starfaði fyrir barnavinafélagið Sumargjöf og rak síðan barnaskóla um langt árabil. Leiða má að því líkum að hann eða aðilar honum tengdum hafi haft áhuga á landinu fyrir einhvers konar barnastarf. En þetta eru auðvitað vangaveltur og það sem mælir á móti þessari hugmynd er að þetta er í stríðinu miðju og reiturinn eiginlega í þungamiðju hugsanlegra átaka enda flugvöllurinn í næsta nágrenni norðan Fossvogsins. En auðvitað var ljóst að stríðinu myndi ljúka fyrr en síðar og þá gat landið orðið heppilegt undir friðsamlega starfssemi. Ísak fellur reyndar frá sínum áformum hver sem þau hafa verið.

En rétt í stríðslok eða í apríl 1945 gengur Árni Pálsson húsasmíðameistari inn í erfðafestusamninginn og nokkrum dögum síðar er hann yfirtekinn af Byggingarfélaginu Smíði en Árni var einn af forsvarsmönnum þess félags.¹ Rúmu ári síðar eða í júní 1946 samþykkir byggingarnefnd Seltjarnarneshrepps fyrir sitt leyti erindi frá félaginu þar sem farið er fram á heimild til að byggja verksmiðjuhús úr vikurholsteini á landinu.² Beiðninni fylgdi leyfi frá landbúnaðarráðuneytinu þar sem félaginu er heimilað að byggja téð hús og láta það standa allt að 10 árum. Með erindinu fylgi uppdráttur að hartnær 250 fermetra húsi að grunnfleti með risi. Þessi notkunarréttur er í algjörrri þversögn við upphaflegt leyfisbréf sem einskorðaði notkunina við ræktunarstarf.


Það er athyglisvert að að byggingin eigi aðeins að standa í áratug og því líklegt að um einhverskonar skemmu eða bráðabirgðahús hafi verið að ræða. Full alvara virðist hafa verið hjá byggingarfélaginu og stefnt var að umtalsverðum atvinnuskapandi rekstri. Líklega tengdum fiskvinnslu, iðnaði eða byggingarstarfssemi. Til merkis um það má nefna að félagið virðist hafa fengið heimild fyrir síma sem ekki var sjálfsagt á þessum árum einkum þegar tekið er tillit til þess að leggja þurfti u.þ.b fjörutíu staura loftlínulögn vestur nesið meðfram Kársnesbrautinni³

Hinsvegar voru hvorki vatns- eða holræsalagnir á nesinu á þessum tíma svo erfitt hefði verið að stunda umfangsmikinn rekstur þarna. Hinsvegar eru töluverðar framkvæmdir á reitnum því á loftmynd af Kársnesinu frá árinu 1946 sést greinilega að mikið mannvirki er í smíðum.⁴ En enn er heykst á áætlunum og það áttu eftir að líða tæp tuttugu ár þar til annað fyrirtæki tengt byggingarstarfsemi hæfi öflugt starf í vesturbæ Kópavogs. Að neðan er loftmynd af Kópavogi og skerín útfyrir nesinu þar sem nú er uppfylling sjást glögg. Myndin er tekin á fjöru því litla hringlaga sílatjörnin sem við strákarnir í vesturbænum lékum okkur oft við er vel sýnileg en hana flæddi á hverju flóði.



Nú virðist gerast lítið í málefnum reitsins næstu þrjú árin en í nóvember 1949 samþykkir byggingarnefnd nýstofnaðs hrepps, Kópavogshrepps beiðni Herlufs Clausens um breytingu á húsinu.⁵ Herluf var af dönskum ættum og afabróðir þekktra bræðra úr vesturbæ Kópavogs lögmanna Guðmundar og Þórðar Þórðarsona. Hann var á þessum árum umsvifamikill athafnamaður og fljótlega hefjast framkvæmdir við breytingarnar. Þórarinn Reykdal verkfræðingur frá Setbergi í Hafnarfirði sonur hins þekkta frumkvöðuls Jóhannesar Reykdal var fenginn til að teikna glæsilegt hús í dönskum herragarðsstíl. Án efa hefur eigandinn haft skoðanir á útliti hússins og útfærslu teikningarinnar og á greinilega hlut í endalegu útliti hússins. Húsið minnir mjög á eldri hús byggð af dönum hérlendis og nægir að nefna Stjórnarráðshúsið og Viðeyjarstofu sem byggð eru í þessum stíl.

ÚTLITSBREYTING Á HÚSI Í DIGRANESLANDI NR. L.
Hafna 1900 nr. 12



Og nú var Kópavogur sem fyrst og fremst byggðist í fyrstu upp af litlum húsum eða jafnvel hálfgerðum kofum kominn með sína sumarhöll sem blasti við fremst á Kársnesinu norðvestanverðu.

En stórhýsið var að sumu leyti gallagripur illa einangrað og með burðarvirki að hluta úr stálbitum sem hugsanlega hefur verið vegna áhrifa verkfræðingsins sem menntaður var í Bandaríkjunum en þar voru stálvirki algeng í burðarvirkum bygginga. Húsið var hlaðið úr innlendum múrsteinum og múrað að utan með sérstakri áferð sem stundum er kölluð spænka múraðferðin eða munkapúss. Þetta gaf húsinu virðulegan og áferðafallegan svip. Vel er hugsanlegt að Herluf hafi hugsað sér að nýta húsið til íbúðar en þó er rétt að benda á að á þessum tíma var iðnaðarhúsnæði oft teiknað í klassískum stíl og var Herluf umsvifamikill iðnrekandi með ýmsan smáiðnað sem hefði hæft húsinu. Staðsetningin er stórfengleg og sólarlag óvíða fegurra en þarna yst á nesinu þar sem Snæfellsjökull og Ljósufjöll blasa við í norðvestri svo það styður þá kenningu að húsið hafi verið hugsað til íbúðar. En athafnamaðurinn bjó vel í Reykjavík og við bættist að hann var með stórbýlið Lund í Lundareykjadal á sinni könnu og sinnti því vel og því varð staðreyndin sú að hvorki varð hann hann heimilisfastur í Kópavogi né stundaði þar iðnrekstur.

Húsið stóð því autt um langt árabíl og vissulega stakk það í stúf að sjá slíkt stórhýsi u.þ.b 500 fermetra tómt á meðan nágrannarnir bjuggu sumir hverjir í pappaklæddum kofum. Guðmundur Hagalín rithöfundur sem bjó í næsta nágrenni um hríð getur hússins lítilla í bók sinni Fílabeinshöllinni og þá í kerknistón.⁶ Einnig skrifuðu sum vinstri blöðin um húsið í umvöndunarstíl og fundu því flest til foráttu.

Árið 1951 kom upp sú hugmynd meðal Kópavogsbúa og Fasteigendafélags Kópavogshrepps að breyta húsinu í sjúkrahús sem gæti tekið þrjátíu til fjörutíu sjúkkrarúm.⁷ Það hefði verið verðugt hlutverk fyrir húsið en af þessu var þó ekki. Svo fór að Herluf seldi húsið u.þ.b áratug eftir að hann hóf þar framkvæmdir og þá hófst hin eiginlega nýtingarsaga hússins og þá sem iðnaðarhúsnæði fyrst og fremst. Þarna voru starfrækt húsgagna- og bólstrunarverkstæði og ýmis annar smáiðnaður. Efnagerðin Valur hóf svo starfsemi sína í húsinu um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar og nafn hússins breyttist þá í munninn nágrannanna úr Clausenhúsi í Valshús. Efnagerðin framleiddi aðallega sultur, safu og sósur og margir Kópavogsbúar og sjálfsagt fleiri lögðu leið sína þangað til að ná sér í þessar framleiðsluvörur ódýrt.

Síðan eignaðist eða fékk allavega yfirráðrétt yfir húsinu félag Prátista en sá félagsskapur er þekktari undir nafngiftinni Ananda Marga. Þá tók við í húsinu ýmis konar andleg starfsemi en íhugun og yoga voru stunduð þar af kappi af félagsmönnum sem einnig voru þar með námskeið. Nokkrir meðlimir hreyfingarinnar bjuggu um tíma í húsinu og þá kom berlega í ljós hve illa það hentaði til búsetu. Það var illa einangrað og dýrt í kyndingu. Reyndar var búið í húsinu um nokkurt árabíl. Hægt er að segja að síðasta hlutverk þess í atvinnulegu tilliti var að vera sviðsmynd fyrir eina af nýjustu íslensku kvikmyndunum. Sú mynd heitir Sumarlandið og fjallar um miðilsstarfsemi og fjölskyldulíf henni tengt. Víst er að húsið er dulrænt og magnað umhverfi fyrir slíka mynd. Tveir af forsvarsmönnum myndarinnar þeir Baltasar Kormákur og Ari Kristinsson eru úr Kópavogi. Þeir hafa vitaskuld þekkt til hússins og möguleika þess sem leik- og sviðsmynd.

En nú er hún Snorrabúð stekkur og heldur betur búið að þrengja að dönsku smáhöllinni. Flestir Kópavogsbúar hafa ekki einu sinni hugmynd um þetta hús sem nú er umlukið verkstæðum og iðnaðarhúsnæði á alla kanta. Gamli sjarminn og hofmóðurinn horfinn. Sumir telja að þetta hús ætti að rífa til að rýma til fyrir fleiri verkstæðum eða íbúðarhúsnæði. Árið 2007 var svo komið að athafnamenn sem fjárfest höfðu í landi á hafnarsvæðinu leituðu eftir leyfi fyrir niðurrifi til Húsafriðunarnefndar Ríkisins. Þar sem húsið er byggt eftir 1918 fellur það ekki undir lög um húsafriðun og er því rétttrífið eins og segja mætti. Samsagt Húsafriðunarnefnd gerði ekki athugasemdir við erindið.⁸ En svo kom kreppan margumrædda og frestaði niðurrifi hússins í bili og sannast þar það fornkveðna að fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott.

En Kópavogur er ekki gamalt og gróið bæjarfélag og næsta fá hús þar falla undir þá skilgreiningu Húsafriðunarnefndar er fjallar um friðun bygginga. Reyndar hafa núverandi forsvarsmenn nefndarinnar lýst yfir áhuga á því að húsið verði friðað og telja það merkilegra en haldið hafi verið í fyrstu og byggingarár þess segir til um. Því er rétt að spyrja hvort þetta unga bæjarfélag ætti að styðjast við aðrar reglur í þessu sambandi. Það var greinilega skoðun forráðamanna bæjarfélagsins árið 1993. Í metnaðarfullu hverfaskipulagi vesturbæjar Kópavogs sem kom út það ár og var borið í öll hús í bænum var þessarri byggingu lýst sem sögulegu byggingar- og menningarlegu verðmæti.⁹ En tímarnir breytast og mennirnir með og ef til vill tekst ekki að bjarga þessu sérkennilega húsi. En það má benda á að en önnur eldri hús eru í bænum sem rétt væri að íhuga vel hvort ætti að friða þrátt fyrir að þau séu langflest byggð eftir 1918.

En við miðaldra og eldri Kópavogsbúar munum þetta hús þar sem það stóð í drambsemi sinni og ytri glæsileik á fallegasta staðnum á Kársnesinu þar sem sólarlagið var hvergi fegurra. Við og vonandi fleiri hefðum svo gjarnan viljað halda í húsið, gefa því grið og verðugt hlutverk. Það er í huga margra okkar minnismarki um stórhug, auðleg og væntingar. En saga þess segir okkur líka að allt er í heiminum hverfult og að í upphafi skyldi endirinn skoða. Sú var raunin með þetta mannvirki. Það var reist af krafti og ákefð í fljótfærni en þar sem helstu grunnforsendur svo sem gott vegakerfi, vatnslagnir og holræsi voru ekki til staðar í upphafi nýttist það ekki eins og til stóð. Byggingin hefur hinsvegar staðið sína plikt á allt annan hátt en til var stofnað í byrjun.

Ég tel að rétt sé að sína þessu húsi virðingu og endurnýja það og bæta eins og kostur er og gefa því nýtt hlutverk. Auðvitað er ekki hægt að skapa því sömu umgjörð og áður. Því miður stendur það reyndar eins og illa gerður hlutur nú, aðþrengt á alla kanta. En samt sem áður er hálfur skaði betri en allur og það á við hér að mínu mati. Hvort það tekst að bjarga húsinu og drepa það úr dróma er svo allt annað mál. Það er við ramman reip að draga þar sem peningaöflin eru annarsvegar.

Með húsafriðunarkveðju

Frímann Ingi Helgason Kópavogsbúi.

Þessi drög voru birt félagsmönnum í Sögufélagi Kópavogs á spjallfundi félagsins 23. nóvember 2012 og sett á heimasíðu félagsins nokkru síðar. Mér þætti vænt um ef einhver getur bætt við greinina eða leiðrétt í henni hugsanlegar missagnir. Einnig væru vel þegnar upplýsingar um hvar væri að finna myndir af húsinu eða umhverfi þess frá fyrri árum. Slíkar myndir hef ég ekki fundið þrátt fyrir nokkra eftirgrennslan. Áformað er að birta greinina á heimasíðu Sögufélagsins (vogur.is) þegar hún er fullgerð.

¹ Hskjs.Kóp. Erfðaleigusamningur A/5 55

² Hskjs.Kóp. Afrit fundargerð Byggingarnefndar Seltjarnarneshrepps.

³ Ögmundur Frímansson símaverkstjóri. Ögmundur var í símaflokki sem lagði línuna.

⁴ Loftmynd af Kópavogi frá 1946.

⁵ Hskjs.Kóp. BS/432 Byggingarnefnd Kópavogshrepps

⁶ Fílabeinshöllin sjálfsævisaga Guðm. G. Hagalín

⁷ Dagbl.Vísir fimmt.1.nóv.1951

⁸ Bréf Húsafriðunarnefndar Ríkisins til bæjarskipul. Kóp. Dags. 26.okt. 2007

⁹ Hverfaskipulag vesturbæjar Kópavogs, Bæjarskipulag Kópavogs 1993